

**Ed.**

## 558. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 27. jan. 1943, um dýralækna.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Dýralæknar skulu vera níu, og skulu umdæmi þeirra vera sem hér segir:

1. *Reykjavikurumdæmi* nær yfir alla Gullbringu- og Kjósarsýslu og kaupstaði þá, sem þar eru.
2. *Borgarfjarðarumdæmi* nær yfir Borgarfjarðarsýslu og Akraunes, Mýrasýslu og Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu að Skógarstrandarhreppi.
3. *Dalasýsluumdæmi* nær yfir Skógarstrandarhrepp í Snæfellsnessýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslu að Rauðasandshreppi og Strandasýslu að Trékyllisheiði.
4. *Ísafjarðarumdæmi* nær yfir Barðastrandarsýslu norðan Skorarheiðar, Ísafjarðarsýslur báðar og Ísafjarðarkaupstað og Árneshrepp í Strandasýslu.
5. *Sauðárkróksumdæmi* nær yfir Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur og Siglufjörð.
6. *Akureyrarumdæmi* nær yfir Ólafsfjörð, Akureyrarkaupstað, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslur.
7. *Austurlandsumdæmi* nær yfir Múlasýslur báðar, Seyðisfjörð og Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.
8. *Rangárvallahérað* nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu.
9. *Selfosshérað* nær yfir Árnassýslu og Vestmannaeyjar.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Atvinnumálaráðherra skipar dýralækna og ákveður, hvar þeir skuli hafa búsetu í umdæmi hverju. Standi sérstaklega á, er ráðherra heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. gr. að ákveða í erindisbréfi, að önnur takmörk gildi um stundarsakir fyrir umdæmi dýralæknisins, er ákveðin eru í lögum þessum.

Dýralæknirinn í Reykjavikurumdæmi skal vera yfirdýralæknir. Hann skal vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum búfjárins, hafa yfirmumsjón með sóttvörnum næmra sjúkdóma og innflutningi búfjár og búfjarafurða og eftirlit með embættisfærslu annarra dýralækna.

3. Á eftir 2. gr. koma 5 nýjar greinar, er orðist svo:

- a. (3. gr.) Dýralæknar taka laun sín úr ríkissjóði samkvæmt launalögum, en þó skulu þeir auk þess fá greiðslu fyrir störf sín og ferðir fyrir einstaka menn eða hið opnbera, og skal það greiðast eftir gjaldskrá, er landbúnaðar-ráðherra setur í samráði við yfirdýralækni að fengnum tillögum dýralæknafélags Íslands og stéttarsambands bænda.
- b. (4. gr.) Nú fæst ekki dýralæknir í eitthvert af hinum lögskipuðu dýralæknisumdæmum og er þá ráðherra heimilt:
  1. að skipa nágrannadýralækni að þjóna embættinu án sérstakra aukalauna vegna þeirrar þjónustu;
  2. að styrkja sýslu- og bæjarfélög í umdæminu til þess að kaupa sér dýralæknisþjónustu á þann hátt, er þau ákveða, með allt að 4% hlutum dýralæknislauna. Styrkur þessi fellur þó niður, þegar dýralæknir fæst í umdæmið.
- c. (5. gr.) Atvinnumálaráðherra setur dýralæknum erindisbréf og ákveður í því verksvið þeirra, þar á meðal um eftirlit með verzlun með landbúnaðarvörur og heilbrigði og hollustu þeirra.
- d. (6. gr.) Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24 12. júní 1939 og breyting á þeim lögum, nr. 4 27. janúar 1943.
- e. (7. gr.) Lög þessi öðlast þegar gildi.